

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

6. gr.

Aðalfund skal halda í marsmánuði ár hvert. Á aðalfundinum skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári, og leggur fram tillögu um starfsemi á því ári. Þá skal hún leggja fyrir fundinn endurskoðaða reikninga félagsins, og úrskurðar fundurinn um þá.

7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

8. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipta niður á félagsmenn samkv. arðskrá. Félagsmenn greiða gjöld til félagsins í sama hlutfalli og þeir taka arð.

9. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkv. XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 18. maí 1981.

Pálmi Jónsson.

Ragnheiður Árnadóttir

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 8/1968 um geislavarnir ríkisins.

1. gr.

4. gr. orðist svo:

Framkvæma skal að jafnaði árlega skoðun á þeim tækjum og efnum, sem framleiða geisla og leyfi þarf fyrir.

2. gr.

7. gr. orðist svo:

Eigandi tækis eða efnis, sem skoðunarskylt er samkvæmt reglugerð þessari, skuli greiða sérstakt skoðunargjald, sem varið skal til að standast kostnað af skoðuninni. Eigandi tækis eða efnis, getur óskað eftir aukaskoðun, sér að kostnaðarlausu. Skoðunargjald greiðist á hverju ári og skal vera sem hér segir:

1. Röntgenskoðunartæki (diagnostik).

a. Föst tæki	kr.	700
b. Auka lampar	—	200
c. Móbiltæki	—	500
d. Tannröntgentæki	—	500

2. Röntgenlækningatæki (terapi).

Geislalækningatæki kr. 1 500

3. Röntgentæki í iðnaði.

Iðnaðartæki kr. 700

4. Geislavirk efni.

Fyrir hvern stað, sem slíkt efni er notað kr. 500

5. Önnur tæki.

Tæki, sem ekki falla undir lið 1—4 kr. 500

Geislavarnir ríkisins innheimta gjald þetta.

Fyrir skoðanir á fólki skal taka eftirfarandi gjald fyrir einstakling:

a. Persónumælingar (filmumælingar) kr. 200

b. Persónumælingar (TLD. mælingar) — 400

Gera skal árlega skýrslu til ráðuneytis og landlæknis um skoðunina.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um öryggisráðstafanir gegn jónandi geislum frá geislavirkum efnum eða geislatakjum nr. 95/1962, öðlast gildi þegar við birtingu.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 26. maí 1981.***Svavar Gestsson.***Jón Ingimarsson.***AUGLÝSING**

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á kolmunna- og spærlingsmjöli framleiddu frá upphafi vertíðar 1981 til 31. maí n. k.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á kolmunna- og spærlingsmjöli framleiddu frá upphafi vertíðar 1981 til 31. maí n. k.:

Kolmunnamjöl, \$ 8,50 á próteineiningu í lest.

Spærlingsmjöl, \$ 8,50 á próteineiningu í lest.

Verðbil verður 5%.

Greiðslur í eða úr sjóðnum nemi 65% af verðbreytingum frá grundvallarverði að viðbættu eða frádregnu verðbili.

Verðin miðast við cif., og gerist upp á viðskiptagengi eins og það verður á hverjum tíma.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 14. maí 1981.***F. h. r.****Jón L. Arnalds.***Kristín Magnússon.*